

## Fundargerð fulltrúaráðs

\*\*\*\*\*

77. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn fimmtudaginn 11. júní, 2009 kl. 11.00 í Slökkvistöð Selfossi

**Mættir: Margrét K. Erlingsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Ingvar G. Ingvarsson og Ólafur Leifsson**

**Einnig mætti á fundinn:**

**Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri ,sem ritaði fundargerð**

Eypór Arnalds boðaði forföll

### **Efni fundarins var eftirfarandi:**

#### 1. Yfirlit um stöðu mála.

Formaður fór yfir stöðu mála frá síðasta fundi fulltrúaráðs, 4. maí s.l. Fram kom að ró væri að færast yfir varðandi starfsmannamál. Nýliðar hefðu komið til starfa og lofaði samstarf með þeim góðu. Formaður greindi frá því að sl.stjóri hefði haft samband við nokkra slökkviliðsmenn sem sendu uppsagnarbréf og rætt stöðu mála. Allir þeir sem talað var við eru áfram á útkallslista liðsins. Sex slökkviliðsmenn hafa látið af störfum þar af einn sem hætti störfum þar sem hann flutti til Danmerkur.

Formaður sagði frá erindi sem sent var til Almannavarnarnefndar Árnassýslu varðandi viðbragð slökkviliðs í sýslunni. Umræður urðu um ofangreind mál.

#### 2. Samstarfsmál

**Stjórn og fulltrúaráð Brunavarna Árnassýslu samþykkir að senda bæjarstjórn Hveragerðisbæjar og sveitarstjórn Hrunamannahrepps formlegt erindi þess efnis að óskað sé eftir viðræðum um sameiningu slökkviliða í sýslunni. Formanni og slökkviliðsstjóra falið að móta bréf og senda til viðkomandi.**

#### 3. Bókhaldsmál.

Slökkviliðsstjóri greindi frá því útséð væri að bókhaldsdeild Árborgar gæti unnið í bókhaldi BÁ fyrir árið 2009. Mannekla vegna veikinda ræður þar mestu.

**Samþykkt að kannað verði með ráðningu á starfskrafti í bókhaldvinnu til BÁ.**

**Einnig samþykkt að láta fara fram verðkönnun á endurskoðunarþætti bókhaldsins. Formanni og slökkviliðsstjóra falin vinnan vegna samþykktanna.**

#### 4. Málefni í tengslum við sinu og skógarelda.

Slökkviliðsstjóri greindi fá áhyggjum sínum varðandi hugsanlega sinu og skógarelda á svæði BÁ. Aðstæður í veðurfari og aukin skógrækt hefðu skapað þær aðstæður að nánast víst er að upp kemur það ástand vegna sinu og gróðurelda sem illviðráðanlegt verður nema gripið sé til víðtækra ráðstafanna. Miklar umræður urðu um málið út frá ýmsum hliðum þar sem framtíðarskipulag þeirra svæða sem tekin eru undir skógrækt verði sérstaklega skoðuð. Einnig hvernig forvörnum verði best háttað.

Málefni tengt tækjakosti slökkviliða til að bregðast við skógareldum voru einnig rædd.

Formaður ræddi forvarnarmál í sumarhúsaahverfum á svæði BÁ og lagði til að efnt yrði til kynningafunda með félagsmönnum sumarhúsafélaga í sýslunni þar sem forvarnarmál yrðu efst á baugi.

#### **Samþykkt:**

**Fulltrúaráð fagnar útkomu greinagóðrar bókar frá Bunamálastofnun þar sem tekið er mjög vel á sinu og skógareldavá hverskonar.**

**Bókin er ætluð slökkviliðsmönnum og öllum þeim sem vilja fræðast um slökkvistörf og aðferðir vegna sinu og gróðurelda.**

**Slökkviliðsstjóra falið að koma á framfæri þökkum til BR og einnig til stjórnar Brunabótafélags Íslands sem sá um útgáfu bókarinnar**

**Fulltrúaráð samþykkir að tillaga formanns verði útfærð þannig að sem fyrst megi koma á fræðslufundum meðal sumarhúsaeigenda og allra þeirra sem málefnið varðar. Fyrirhugað er að fundirnir verði að Borg, Laugarvatni eða Úthlíð, Brautarholti og e.t.v. Selfossi.**

**Slökkviliðsstjóra falin vinnan.**

**Fulltrúaráð samþykkir að senda Skipulagsstofnun ríkisins erindi þess efnis að brýnt verið fyrir forsvarsfólki stofnunarinnar að taka þennan málaflökk föstum tókum og hefja víðtæka vinnu vegna framtíðarskipulags gróðursvæða með tilliti til hugsanlegra sinu og skógarelda. Einnig samþykkt að senda erindi til skipulagsfulltrúa á svæði BÁ vegna sama erindis.**

**Formanni og slökkviliðsstjóra falið að móta bréf til Skipulagsstofnunar.**

#### 5. Yfirlit slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjóri greindi frá eftirfarandi málefnum.

- Námskeið BR 1. hluti hefur verið haldinn á Selfossi. 17 slökkviliðsmenn tóku þátt í námskeiðinu.
- Svar til bæjarstjóra Ölfuss vegna samstarfsmála verður sent í næstu viku. Sl.stjóri hefur verið í sambandi við bæjarstjóra vegna málsins.
- Af húsnaði Björgunarmiðstöðvar er það að fréttu að einhver hreyfing virðist vera komin á málun af hálfu Íslandsbanka. Vonast er til að viðræður um framtíð slökkviliðsins í húsnaðinu gæti orðið fyrir fyrsta vetrardag.

- d. Drög Brunavarnaáætlun lögð fram til fulltrúa til yfirlestrar.
- e. 17. júní hátíðarhöld slökkviliðsins verða við Hótel Selfoss. Mikil sýning er fyrirhuguð þar sem slökkviliðsmenn BÁ verða í aðalhlutverki ásamt félögum úr Hveragerði og Reykjavík. Einnig er fyrirhugað að senda einn bíl til hátíðarhalda við Borg í Grímsnesi og sýna hann þar.
- f. Svar til LSS vegna vinnu vegna rekstarmála slökkviliðsins verður sent til formanns LSS í næstu viku.
- g. Lagður var fram bæklingur um “Eldvarnir heimila” sem Brunabótafélag Íslands hefur látið vinna. BÍ hefur sent öllum slökkviliðum landsins nægilegan fjölda eintaka til að dreifa inn á hvert heimili landsins. Slökkviliðin sjá um dreifingu. BÁ mun sjá til þess að bæklingarnir fari út í lok sumars.

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 12.30**

**Margrét K. Erlingsdóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Ingvar G. Ingvarsson  
Margrét Sigurðardóttir, Ólafur F. Leifsson,  
Kristján Einarsson.**